

Fundargerð háskólaráðs

337. fundur þann 28. október 2013

Í fundaherbergi 401, Borgum, kl. 13.15 – 15.00

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.15.

Mættir voru auk hans:

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

"[nöfn og starfsheiti]"

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 336. fundar, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Rektor sýndi fundargerðina á skjá og las hana yfir. Voru gerðar nokkrar breytingar í samræmi við aths. fundarmanna. Fundargerðin verður send út eftir fundinn og samþykkt í tölvupósti.

- Rektor sagði frá fundi sínum með þingmönnum Norðurlands eystra 25. október. Þingmennirnir lögðu gott orð til háskólans og hrósuðu rektor fyrir góðan árangur sem náðst hefur í fjárhagsmálum skólans.
- Háskólfundur sem haldinn var 25. okt. tókst vel að mati rektors.

SKS
JG
HEA HS

2. Rekstraryfirlit janúar-september

1303034

Úlfar útskýrði yfirlitið.

Staða kennsludeilda er 80,10% af áætlun, staða stoðþjónustu er 69,29% og staða ýmissa verkefna er 62,46% af áætlun, í heild eru það 74,15% en viðmiðið er 75%. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er innan marka og rekstur háskólans í heild er það einnig. Gæta þarf aðhalds í rekstrinum eftir sem áður.

Ólafur sagði frá því að á næsta ári gæti vantað um 30 mkr. til að halda óbreyttum rekstri, miðað við fjárlagafrumvarpið. Taldi hann að þess væri ekki að vænta að meira fé yrði lagt í háskólamál af hálfu ríkisins en nú er gert ráð fyrir, heldur yrði um að ræða tilfærslur innan málaflokksins. Ekkert liggur þó fyrir um það frekar. Rektor þakkaði Úlfari og Ólafi fyrir og fóru þeir af fundinum.

3. Skipun stjórnar rannsóknasjóðs HA

1301008

Rektor fór yfir tilnefningar fræðasviðanna og tillögur sínar að fulltrúum sem rektor skipar. Háskólaráð samþykkti skipun stjórnar rannsóknasjóðs 2013-2016. Hún er þannig skipuð:

Ingvar Teitsson dósent, til vara Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent

Kristinn P. Magnússon prófessor, formaður stjórnar, til vara Rannveig Björnsdóttir dósent

Anna Þóra Baldursdóttir lektor, til vara Giorgio Baruchello prófessor

Halldóra Haraldsdóttir dósent, varaformaður, til vara Elísabet Hjörleifsdóttir dósent

Hjörleifur Einarsson prófessor, til vara Þórir Guðmundsson dósent.

4. Ráðning forseta heilbrigðisvíndasviðs

1303020

Einn umsækjandi var um starfið, Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor, sem nú gegnir starfinu.

Rektor fór yfir umsögn deildafundar heilbrigðisvíndasviðs frá 16. okt.

Háskólaráð styður það að rektor gangi frá ráðningarsamningi við Árunu.

*SPS
GD
HGA
BLW*

5. Innritun um áramót

"[málsnúmer]"

Forsetar fræðasviða óska eftir að opið verði fyrir innritun í nám við háskólann um áramót: Á heilbrigðisvíndasviði verði opið fyrir innritun í nám í heilbrigðisvíndum (meistarastig). Það verði ekki auglýst sérstaklega.

Á hug- og félagsvíndasviði verði opið fyrir innritun í allt nám á sviðinu og að það verði auglýst í samráði við markaðs- og kynningarsvið.

Á viðskipta- og raunvíndasviði verið opið fyrir innritun í allar námslínur.

Háskólaráð samþykkti þetta.

6. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Ferli ráðningar forseta hug- og félagsvíndasviðs er lokið, sbr. fundargerð síðasta fundar.

Rektor bauð Sigrúnu Stefánsdóttur starfið og þáði hún það. Þá var öðrum umsækjendum ritað bréf og jafnframt hafði rektor samband við þá símleiðis. Tilkynning um ráðninguna var send í fjölpósti til starfsmanna háskólans og að því loknu til fjöldiðla.

Sigrún mun koma til starfa 15. nóvember og haft verður nánara samráð við núverandi forseta hug- og félagsvíndasviðs um það.

„Rektor hefur tekið saman greinargerð um allt ráðningarárferlið og telur það í fullu samræmi við lög og reglur um ráðningar hjá ríkinu.“ Rektor telur nauðsynlegt að endurskoðaðar verði reglur háskólans varðandi ráðningar sviðsforseta, t.d. hvernig aðkomu fræðasviðs eigi að vera háttar.

Hafdís vakti athygli á málþingi föstudaginn 1. nóvember í HA. Það ber yfirskriftina *Ráðningahæfni og atvinnumöguleikar stúdenta - samspli háskóla og atvinnulífs.*

Rektor mun opna málþingið og stjórna pallborðsumræðu.

Um helgina mun einnig fara fram stofnun Landssamtaka stúdenta hér í HA. FSHA hefur beitt sér mjög vel í því máli. Fundarmenn töldu það vera mjög jákvætt og til fyrirmynadar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

*Svan Ólafard.
Hafdis Erna Ásgarðard.
Háskólinn*

Stein Sigurðsson